



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Suzuki-aðferðin

Grunnþættir Suzuki-aðferðarinnar

Anela Bakraqi

Lokaritgerð til BMus-prófs

Listaháskóli Íslands

Tónlistardeild

Desember 2017

Suzuki-aðferðin:

Grunnþættir Suzuki-aðferðarinnar

Anela Bakraqi

Lokaritgerð til BMus-prófs í hljóðfærakennslu

Leiðbeinandi: Gunnsteinn Ólafsson

Hljóðfærakennsla

Tónlistardeild

Desember 2017

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaritgerð til BMus-prófs í hljóðfærakennslu.
Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Útdráttur

Einn þeirra sem hafði víðtæk áhrif á tónlistarkennslu um allan heim var japanski fiðlukennarinn Shinichi Suzuki. Hann þróaði aðferð á þeirri grunnhugmynd að öll börn geti lært tónlist, líkt og þau læri móðurmál sitt. Til að svo geti orðið er tónlistin lærð eftir eyra með stöðugri hlustun, virkri þátttöku og uppörvun foreldra, örvandi umhverfi og góðum kennara. Í þessari ritgerð verður fjallað um helstu þætti sem skipta máli til að Suzuki-aðferðin beri árangur. Ritgerðin byggist á viðtölum við þrjá Suzuki-kennara sem eiga það allir sameiginlegt að hafa starfað sem slíkir í meira en áratug. Einnig voru tekin viðtöl við tvo Suzuki-foreldra til að fá betri innsýn í viðfangsefnið. Við gerð spurninga var stuðst við þætti sem skipta máli til að Suzuki-aðferðin beri árangur. Niðurstöður leiða í ljós að Suzuki-kennarar og Suzuki-foreldrar telja að til að Suzuki-aðferðin beri árangur eru hlustun, hlutverk foreldra, upprifjun og hóptímar mikilvægustu þættirnir.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
1. Suzuki-aðferðin.....	3
1.1 Shinichi Suzuki.....	3
1.2 Upphaf Suzuki-aðferðarinnar	3
1.3 Uppbygging.....	3
2. Helstu einkenni Suzuki-aðferðarinnar	5
2.1 Hlustun.....	5
2.2 Hlutverk foreldra	6
2.3 Upprifjun	8
2.4 Hóptímar.....	9
2.5 Eitt atriði í einu	10
3. Hlið Suzuki-foreldra.....	11
4. Menntun Suzuki-kennara	13
4.1 Suzuki-þríhyrningur.....	13
Niðurlag	15
Heimildaskrá.....	16
Myndaskrá	19
Viðauki.....	20

Inngangur

Um aldir hafa margar kennsluaðferðir komið fram í tónlist, en þær eru lykill að kennslu og námi. Tónlistarkennarar þurfa að velja kennsluaðferð sem hentar sínum nemendum svo þeir skili árangri í námi. Metnaðarfullir frumkvöðlar á sviði kennslufræði tónlistar hafa komið fram. Fjórar meginkennsluaðferðir komu fram á 20. öld, Kodály-aðferðin, Dalcroze-aðferðin, Orff-aðferðin og Suzuki-aðferðin.

Zoltán Kodály var ungerskt tónskáld og sérfræðingur í ungerskum þjóðlögum. Kennsluaðferð Kodálys þróaðist kringum 1940 í Ungverjalandi og nýtur enn vinsælda í dag. Hugmynd Kodálys um tónlistaruppeldi byggir ungerskum þjóðlögum. Hann hélt því fram að tónlistaruppeldi byrji níu mánuðum fyrir fæðingu. Mikilvægt væri að einblína á þroska og móta persónuleika barnsins með tónlistariðkun í skólanum. Hann taldi að fyrsta tónmál sem barnið lærði væri eigið tungumál. Kennsluaðferð Kodálys byggist á því að syngja þjóðlög á móðurmálinu og syngja á solfa. Söngur er að hans mati grundvöllur fyrir öllu hljóðfæranámi, þar sem ung börn læra að syngja eftir nótnakerfi, sem er hægt að tónflytja án notkunar formerkja. Kodály lagði mikla áherslu á að vanda til efnisvals og velja besta efni sem kostur var á til kennslunnar. Einbeiting, félagslegur þroski, minni, athyglisgáfa, ímyndunarafl og sköpunarhæfileiki myndu þroskast og vaxa hjá nemendum.¹ Kodály-aðferðin þróar tónlistarhæfileika hjá ungum börnum þar sem nemendur þróa færni í tónheyrn, nótnalestri og hlustun, auk þess læra nemendur að semja tónverk, spinna og dansa.²

Árið 1914 var Dalcroze-aðferðin þróuð af svissnesku tónskáldi, Emile Jaques- Dalcroze. Aðferðin leggur áherslu á líkamann, að nemendur hlusti á ákveðna ritma í tónlist og noti líkamstjáningu og aðrar hreyfingar sem endurspegli tónlistina.³ Hún miðar að því að samhæfa líkamlegar hreyfingar, taktskyn, einbeitingu og notkun ímyndunarafls. Nemendur hafa þann kost við upphaf náms að læra á blokkflautu eða gígju til að ná valdi á einföldu hljóðfæri og til að leggja þannig grunn að framhalsnámi.⁴

¹ Stefán Edelstein, „Tónlistaruppeldi í Ungverjalandi,“ (1. ágúst 1969): 125-128, sótt 14. desember 2017, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=301413&pageId=4560630&lang=is&q=STEF%C1N%20EDELSTEIN

² Estrella, Espie. „The Kodaly Method of Music Education.“ Síðast uppfært 11. ágúst 2017, sótt 12. nóvember 2017, <https://www.thoughtco.com/the-kodaly-method-a-primer-2456420>

³ Estrella, Espie. „The Dalcroze Method.“ Síðast uppfært 6. mars 2017, sótt 12. nóvember 2017, <https://www.thoughtco.com/the-dalcroze-method-a-primer-2456419>

⁴ Árni Heimir Ingólfsson, „HEINZ EDELSTEIN“, *Morgunblaðið*, 14. júlí 2001, sótt 14. desember 2017, <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/616190/>

Orff-aðferðin er kennd við Carl Orff, þýskt tónskáld frá München á 20. öld. Hann var innblásinn hugmyndum Dalcroze og lagði áherslu á ritma.⁵ Orff einblínir lagði áherslu á þjóðlegan menningararf, eigin tungumál, sagnaarf og menningu almennt. Orff-aðferðin gengur út á að nemendur taki þátt í að skapa sína eigin danstónlist í stað þess að vinna með píanóundirspili.⁶ Nemendur notast við handtrommur og smærri ásláttarhljóðfæri eins og sílafón, tréspil og klukkuspil vegna einfaldleika þeirra. Þessi hljóðfæri eru þekkt sem Orff-hljóðfæri. Með því að syngja saman í hóp, dansa, hreyfa sig og spila á hljóðfæri byggja nemendur upp sjálfsöryggi og skapandi hugsun.⁷

Árið 1930 hóf japanski fiðluleikarinn Shinichi Suzuki að þróa ákveðna tækni og aðferð til að kenna tónlist. Eftir seinni heimstyrjöldina áttu Japanar um sárt að binda. Suzuki vildi létta þjóðinni lífið með því að beina sjónum að fegurð tónlistar í lífi barna. Hann vildi kenna börnum að hlusta, meta og skapa fallega tónlist. Markmið Suzukis var að þróa manneskjuna sem slíka, skapa hæfileikaríka og heilbrigða einstaklinga með gott hjartalag.⁸ Kodály, Orff og Dalcroze byggðu kennslu sína á svipuðum grunni og Suzuki. Hjá Suzuki var samt meiri áhersla lögð á söng og að leika eftir eyranu frekar en eftir nótum.⁹ Kodály-aðferðin og Suzuki-aðferðin eiga margt sameiginlegt þar sem tungumál og tónlist eru samofin.¹⁰

Í dag eru Suzuki-kennarar í heiminum með yfir 400.000 nemendur í meira en fjörutíu löndum.¹¹ Suzuki-aðferðin var upphaflega þróuð fyrir fiðlu en hefur verið aðlöguð að mörgum öðrum hljóðfærum. Aðferðafræði Suzukis snertir ekki aðeins tónlistarnám, því í Japan, Bandaríkjunum og Kanada styðjast leikskólar einnig við hugmyndafræði hans, einkum á sviði tungumála.¹²

Markmið þessarar ritgerðar er því að fá skýrari sýn á aðferðafræði Suzukis og fjalla um grunnþætti hennar.

⁵ Fuller, Cheri. *How to Grow a Young Music Lover*, (New York: Waterbrook Press, 2002), 159.

⁶ Soffía Guðrún Kr. Jóhannsdóttir, „Skapandi tónlistarnám“, *Morgunblaðið*, 30. mars 2008, sótt 14. desember 2017, <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1203146/>

⁷ Estrella, Espie. „What is The Orff Approach for Children’s Music Education?“ Síðast uppfært 18. ágúst 2017, sótt 12. nóvember, <https://www.thoughtco.com/the-orff-approach-2456422>

⁸ „History of the Suzuki Method“. Sótt 12. nóvember 2017, <http://suzukihk.org/history-of-the-suzuki-method/>

⁹ Jón Hallfreð Engilbertsson. „Áhrif tónlistar á námsárangur barna“ (B.Ed, Háskólinn á Akureyri, 2008), 13, sótt 12. nóvember 2017, https://skemman.is/bitstream/1946/1749/1/Ahrif_tonlistar_JHE_heild.pdf

¹⁰ Goodkin, Doug. „ORFF-SCHULWERK IN THE NEW MILL.“ Nóvember 2001, 19. Sótt 12. nóvember 2017, <http://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.2307/3399753>

¹¹ „History of the Suzuki Method“. Sótt 12. nóvember 2017, <http://suzukihk.org/history-of-the-suzuki-method/>

¹² Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, (Reykjavík: Kristinn Örn Kristinsson, 1998), 140.

1. Suzuki-aðferðin

1.1 Shinichi Suzuki

Japanski fiðlukennarinn Shinichi Suzuki fæddist 17. október árið 1898 í borginni Nagoya í Japan.¹³ Faðir Suzukis, Masakichi, var hljóðfærasmiður og áhugi Suzukis á fiðlusmíði föðurins kviknaði þegar hann hjálpaði til í fiðluverksmiðju hans. Þegar Suzuki lauk prófi úr menntaskóla fékk hann í gjöf frá föður sínum handsnúinn grammófón. Hann fór beint út í búð og keypti hljómplötu með laginu Ave María eftir Schubert, leikið af fiðlusnillingnum Mischa Elman. Suzuki var svo innblásinn og heillaður af tónlistinni og tóni fiðluleikarans að hann ákvað að byrja að æfa sig á fiðlu daginn eftir. Suzuki kenndi sjálfum sér á fiðlu með því að hlusta oft á hljómplötuna og spila eftir eyranu. Árið 1921 fór Suzuki í fiðlunám til Berlínar í Þýskalandi. Hann dvaldi þar í átta ár og var einkanemandi fiðluleikarans Karls Klingler. Nokkrum árum seinna kynntist Suzuki konu sinni Waltraud Prange í Berlín. Hún var bæði söngkona og píanóleikari. Árið 1928 að námi loknu fluttu Suzuki og kona hans til Japans og settust að í Tókýó.¹⁴

1.2 Upphaf Suzuki-aðferðarinnar

Er heim kom starfaði Suzuki sem fiðlukennari. Dag einn kom faðir með ungan son sinn og bað Suzuki um að kenna honum á fiðlu. Suzuki vissi ekki í fyrstu hvernig ætti að kenna ungu barni á fiðlu. Hann hann náði samt eftirtektarverðum árangri með drengnum. Hann tók eftir því að börn gátu lært að spila á hljóðfæri á svipaðan hátt og þau lærðu móðurmál sitt. Með árangri stráksins vildi Suzuki sýna og sanna að hægt væri að kenna öllum börnum á fiðlu, ekki einungis þeim hæfileikaríku.¹⁵ Þetta var upphaf Suzuki-aðferðinnar.

1.3 Uppbygging

Suzuki byggir kennsluaðferð sína á því að öll börn geti lært tónlist alveg eins og þau læri móðurmál sitt.¹⁶ Börn skynja og heyra hljóð allt frá fjórða mánuði í móðurkviði. Þau heyra móðurmál sitt talað í kringum sig.¹⁷ Þau fylgjast með því hvernig fólk notar munninn til að búa til hljóð og orð sem leiðir til þess að börn herma eftir þeim.¹⁸ Fyrstu þrjú árin eru mjög

¹³ Britannica, „Shinichi Suzuki | Japanese musician“, sótt 7. september 2017, <https://www.britannica.com/biography/Shinichi-Suzuki>

¹⁴ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 18-29.

¹⁵ *Ibid.*, 30-31.

¹⁶ „Íslenska Suzukisambandið“, sótt 7. september 2017, <https://www.suzukisamband.is/adferdin>

¹⁷ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 48.

¹⁸ Gordon, Edwin E. *A Music Learning Theory for Newborn and Young Children*, (Chicago: GIA Publications Inc, 1997), 4-5.

mikilvæg, þau eru talin einn mikilvægasti lærdómstími barna frá fæðingu.¹⁹ Heilafrumur smábarna myndast og tengjast hraðast frá fæðingu og fram að þriggja ára aldri. Síendurtekið áreiti líkt og talmál og tónlist örva þessar tengingar í heila barna. Suzuki komst að því að umhverfið hefur mikil áhrif á þroska þeirra. Hæfileikar þroskast ef þau alast upp við tónlist.²⁰ Suzuki taldi að næmi barna og hæfileiki til náms yrði meiri ef börn byrjuðu ung.²¹ Öll börn geta þróað með sér hæfileika til að iðka nám í tónlist.²² Börn læra mishratt. Einstaklingur þarf að aðlagast alls konar umhverfi og mismunandi aðstæðum að hans mati. Námshraðinn ræðst af barninu sjálfu eins og börn læra móðurmálið á sínum eðlislæga hraða.²³ Í Suzuki-aðferðinni er lögð áhersla á að byggja upp sjálfstraust hjá nemendum með því að hrósa þeim fyrir það sem vel er gert. Nemandinn öðlast meira sjálfsöryggi og sjálfstraust þegar hrósað er fyrir vel unnið verk.²⁴

Suzuki-aðferðin byggir á ákveðnum grunnþáttum sem skipta máli til að aðferðin beri árangur. Tekin voru viðtöl við þrjá Suzuki-kennara sem hafa starfað í meira en áratug: Þórunni Huldu Guðmundsdóttur, Örnólf Kristjánsson og Ewu Tosik Warszawiak.

¹⁹ Gordon, Edwin E. *A Music Learning Theory for Newborn and Young Children*, 1 og 6.

²⁰ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 48-51.

²¹ Bergþóra Jónsdóttir, „Samúræinn og fiðlan“ *Morgunblaðið*, (22. desember 1998): 31, sótt 29. október 2017 http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=131282&pageId=1923294&lang=is&q=SUZUKI

²² Comeau, Gilles, *10 Teachers' Viewpoints on Suzuki Piano*, (Ontario: CFORP, 1998), 6-7.

²³ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 53.

²⁴ *Ibid.*, 84.

2. Helstu einkenni Suzuki-aðferðarinnar

2.1 Hlustun

Hlustun er mikilvægur hluti Suzuki-aðferðarinnar. Börn læra lögina eftir eyranu en einnig fylgir geisladiskur með kennslubókunum. Á geisladiskinum er námsefni sem nemendur eiga að hlusta á. Það tók Suzuki tíu ár að þróa fyrstu fiðlukennslubókina. Hann vildi bæði setja hana þannig upp að tæknilegi grunnurinn yrði góður en einnig að val á lögum væri vandað.²⁵ Megináhersla er á barokk og klassík, svolítið er af rómantískri tónlist en lítið af samtímatónlist.²⁶

Áður en kennslan hefst eru börn látin fylgjast með í tímum hjá öðrum. Tilgangurinn með þessu er að börn læra hvernig tíminn fer fram, hvernig þau eigi að haga sér í tímum og einnig kynnast þau kennaranum. Áhugi vaknar hjá börnum við að sjá önnur börn spila á hljóðfæri og við það öðlast þau öryggi til að fara sjálf að spila.²⁷

Dagleg hlustun er forsenda þess að aðferðin beri ávöxt og foreldrar bera ábyrgð á að börnin hlusti á diskinn daglega. Mikilvægt er að nemendur hlusti á allt námsefnið, það er að segja að þau hlusti á lögina sem þau eru að spila, og hlusti á verk sem þau eiga eftir að læra seinna. Hlustun ætti að byrja eins snemma og hægt er, helst fyrir fæðingu enda heyra börn og skynja hljóð strax í móðurkviði.²⁸

Hlustun skiptist í óvirka og virka hlustun. Það er ekki aðalatriði að hlustun sé meðvituð. Það er nóg að tónlistin heyrist í bakgrunni. Til dæmis þegar börn eru að leika sér, á meðan þau eru að borða morgunmat eða sitja í bíl.²⁹ Þegar börn eru lítil er meira talað um óvirka hlustun, en virk hlustun kemur seinna. Virk hlustun er þegar börnin setjast niður og eru að einbeita sér að því að hlusta á það sem leikið er. Nauðsynlegt er að foreldri og barn taki saman þátt í hlustun. Virk hlustun er góð þar sem foreldri og barn hlusta saman á diskinn og geta seinna meir rætt um lögina og sungið með. Talið er að börnum þygi skemmtilegra að hlusta á lög sem þau geti svo leikið á hljóðfærin sín.³⁰

Nemendur sem hlusta á diskinn eru líklegri til að læra ákveðin verk hraðar en þeir nemendur sem hlusta ekki á diskinn. Þegar nemandi hlustar margsinnis á sama námsefnið er hann

²⁵ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 37.

²⁶ Bergþóra Jónsdóttir, „Samúræinn og fiðlan“, 31.

²⁷ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 59

²⁸ *Ibid.*, 57-59.

²⁹ Þórunn Hulda Guðmundsdóttir, viðtal 18. október 2017.

³⁰ Örnólfur Kristjánsson, viðtal 2. nóvember 2017.

líklegri til að skynja tónlistina betur og eiga auðveldar með að spila hana.³¹ Það er annar farvegur þegar nemandi hlustar ekki á diskinn en lærir samt sem áður með að horfa og leggja fingrasetningar á minnið. Þessi aðferð getur leitt til þess að nemandi standi sig ekki jafn vel og þeir sem hlusti á diskinn.³² Örnólfur líkir hlustun á disk í 10 mínútur á dag við það að æfa sig í klukkutíma.³³ Ewa segir að þegar hún fái nýja nemendur í byrjun haustannar mæli hún með því að nemendur hlusti á diskinn á sumrin áður en kennsla hefst. Þá sé auðveldara að kenna nemendum lögin. Nemendur muna betur eftir styrkleikabreytingum vegna hlustunar, þau muna hvenær á að spila veikt og sterkt og spila í takti. Þegar nemendur hafa ekki hlustað nægilega vel á diskinn má taka eftir ákveðnu hegðunarmynstri. Nemandinn giskar á nótur í tilteknu verki eða lögin verða ójöfn í spilun og taktlaus.³⁴

Kennarinn og nemandinn ættu að hlusta á sömu upptökur. Einnig er gott fyrir nemendur að hlusta á aðra spila sama lag og þau eru að æfa. Ástæðan er sú að það getur haft góð áhrif á hann að heyra einhvern spila lagið frábærlega en einnig getur það verið lærdómsríkt að hlusta á þann sem spilar lagið síður vel.³⁵

Jafn mikil áhersla er lögð á hlustun byrjenda og lengra kominna. Hlustun eldri nemenda hjálpar þeim að læra verk hraðar og styttr þeim leið. Örnólfur nefnir meðal annars að eldri nemendur þurfi að stunda virkari hlustun í ljósi þess að þau eru frekar farin að hlusta á það sem er í tísku.³⁶ Þegar nemendur hlusti ekki á diskinn, festist þeir oft á sama stað og framfarir séu litlar. Þórunn og Örnólfur eru sammála því, að hlustun sé mikilvægust, ef hún er ekki fyrir hendi þá hafi kennarar engin verkfæri til að vinna með.³⁷

2.2 Hlutverk foreldra

Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í Suzuki-aðferðinni, án þeirra myndi aðferðin ekki ná tilætluðum árangri. Börn eru ekki sjálfbjarga ein, þau verða ávallt að vera undir handleiðslu foreldra á fyrstu árum ævinnar. Það sama á við í Suzuki-aðferðinni.³⁸ Það eru gerðar miklar kröfur til foreldra og hlutverk þeirra er margþætt. Helsta hlutverk þeirra er að mæta í alla

³¹ Kataoka, Haruko, *Thoughts on the Suzuki Piano School* (New Jersey: Birch Tree Group Ltd., 1988), 13.

³² Þórunn Hulda Guðmundsdóttir, viðtal 18. október 2017.

³³ Örnólfur Kristjánsson, viðtal 2. nóvember 2017.

³⁴ Ewa Tosik Warszawiak, viðtal 9. nóvember 2017.

³⁵ Þórunn Hulda Guðmundsdóttir, viðtal 18. október 2017.

³⁶ Örnólfur Kristjánsson, viðtal 2. nóvember 2017.

³⁷ Þórunn Hulda Guðmundsdóttir, viðtal 18. október 2017.

³⁸ Kataoka, Haruko, *My Thoughts on the Suzuki Piano School*, 14.

tíma, hóptíma og tónleika.³⁹ Þeir þurfa að sjá til þess að börnin æfi sig heima á hverjum degi. Einnig bera foreldrar ábyrgð á því að börnin hlusti á námsefnið.⁴⁰

Hlutverk foreldra er að mæta í alla spílatíma barnsins þar sem þeir fylgist með kennslu og skrifi heimaverkefnið niður í stílabók. Í spílatímanum er nauðsynlegt að foreldrar viti nákvæmlega hvað og hvernig á að vinna með barninu heima. Ef eitthvað er óljóst er hægt að tala við kennarann í lok tímans. Í spílatímum er mikilvægt að foreldrar trufli ekki tíma nema að þörf sé fyrir nánari skýringar á ákveðnum atriðum. Ætlast er til þess að foreldrar séu áhugasamir áhorfendur en ekki virkir þátttakendur í spílatímum. Spílatímar eru foreldrum fyrirmynd hvernig þeir geti æft með barninu heima.⁴¹

Hlutverk foreldra heima felst í því að fylgjast með fingrasetningum, hand- og líkamsstöðu. Foreldrar þurfa að halda áfram starfi kennarans heima og viðhalda því á milli tíma. Þeir eiga að endurtaka atriðin sem komu fram í spílatímanum en eiga ekki að kenna börnum ný atriði.⁴² Þetta gerir það að verkum að kennarinn getur byggt ofan á í næsta spílatíma.⁴³ Foreldrar þurfa ekki að kenna börnunum lög eða nótur laganna, börnin læra löggin eftir eyranu og ef þau hafa hlustað nóg á diskinn vita þau hvernig lagið hljómar.⁴⁴ Mikilvægt er að foreldrar æfi með barninu á hverjum degi og skapi gott umhverfi. Það sem skapar góð skilyrði til náms er hvatning, ástúð og umhyggja foreldra í hlýlegu andrúmslofti.⁴⁵ Þessi samverustund foreldris og barns getur verið ótrúlega góð og þroskað samband þeirra til framtíðar.⁴⁶ Mikilvægt er að það sé ró og friður þegar börnin ætla að æfa sig heima. Það þarf að passa að það sé ekkert sem trufli, líkt og sjónvarp, útvarp og sími.⁴⁷ Foreldrar þurfa að veita barninu fulla athygli svo það haldi fullri einbeitingu.⁴⁸ Við heimaæfingar er gott að foreldri hrósi fyrst fyrir það sem vel er gert og tali síðan um það sem má lagfæra. Heimaæfingar sem eru stuttar en tíðar skila betri árangri en æfingar sem eru lengri og færri.⁴⁹

Foreldrum er veitt fræðsla við upphaf náms. Máli skiptir að foreldrar viti um hvað Suzuki-aðferðin snýst. Suzuki-aðferðin gerir foreldrum kleift að læra með barninu. Það er besta mál að foreldri sé samferða barninu í öllum þeim lærdómi sem það fæst við. Foreldrar þurfa ekki

³⁹ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 62.

⁴⁰ Comeau, Gilles, *10 Teachers' Viewpoints on Suzuki Piano*, 27.

⁴¹ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 63.

⁴² Ibid.

⁴³ Þórunn Hulda Guðmundsdóttir, viðtal 18. október 2017.

⁴⁴ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 62-64.

⁴⁵ Ibid., 54.

⁴⁶ Þórunn Hulda Guðmundsdóttir, viðtal 18. október 2017.

⁴⁷ Comeau, Gilles, *10 Teachers' Viewpoints on Suzuki Piano*, 29.

⁴⁸ Örnólfur Kristjánsson, viðtal 2. nóvember 2017.

⁴⁹ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 73.

að kunna á hljóðfæri til að aðferðin virki.⁵⁰ Í byrjun náms er foreldrum kennt á það hljóðfæri sem börnin eru að læra á og fá þá frekari innsýn og skilning hvernig það er að læra að spila á hljóðfæri. Einnig verða þeir betri heimakennarar.⁵¹

Þátttaka beggja foreldra getur haft áhrif á velgengni barnsins.⁵² Það skiptir máli að báðir foreldrar, bæði einstæðir og foreldrar í sambúð viti hvað fer fram í tímum og um hvað aðferðin snýst þótt að annað foreldrið beri meiri ábyrgð.⁵³ Þetta á sérstaklega við þegar börn eru lítil og nýbyrjuð í náminu.⁵⁴ Þátttaka foreldra er lykilatriði til að aðferðin virki, án þeirra myndi aðferðin ekki bera árangur.⁵⁵

2.3 Upprifjun

Upprifjun er mikilvægur þáttur Suzuki-aðferðarinnar. Börn endurtaka orðin sem þau eru búin að læra aftur og aftur, sama gildir með upprifjun í Suzuki.⁵⁶ Markmið upprifjunarinnar er að nemendur viðhaldi gömlu lögunum.⁵⁷ Stefnt er að enn betri tón, dýpri túlkun og fallegri hendingamótun.⁵⁸ Nemendur verða afslappaðari miðað við það þegar þau eru alltaf að fást við eitthvað nýtt, til dæmis nýja tóna og nýjar hreyfingar. Einnig þykir börnum skemmtilegt að rifja upp gömul lög sem þau kunna og það eykur sjálfstraust þeirra.⁵⁹ Upprifjun byggir upp minnið. Þegar nemendur eru búin að rifja löginn nokkrum sinnum upp verður auðveldara að spila þau. Þar af leiðandi verður minnið næmara og auðveldara verður að læra ný lög.⁶⁰

Mismunandi er eftir kennurum hversu mikill hluti af kennslutímanum fer í upprifjun.⁶¹ Þórunn og Örnólfur segja að helmingur tímans ætti að fara í upprifjun og það skili miklum árangri. Erfiðara er fyrir foreldra að fá nemendur til að rifja upp gömlu löginn sín heima. En til þess eru alls konar leiðir. Örnólfur notar aðferð sem hefur gagnast vel. Öll gömlu löginn sem nemandinn hefur æft eru skrifuð á litla miða sem síðan eru settir í krukku. Markmið þessarar aðferðar er að láta nemendur draga úr krukku ákveðið lag og spila það. Þetta skapar skemmtilegt umhverfi fyrir barn en á sama tíma tengist það námsefninu.⁶² Upprifjun

⁵⁰ Comeau, Gilles, *10 Teachers' Viewpoints on Suzuki Piano*, 30.

⁵¹ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 61.

⁵² Þórunn Hulda Guðmundsdóttir, viðtal 18. október 2017.

⁵³ Comeau, Gilles, *10 Teachers' Viewpoints on Suzuki Piano*, 29.

⁵⁴ Örnólfur Kristjánsson, viðtal 2. nóvember 2017.

⁵⁵ Comeau, *10 Teachers' Viewpoints on Suzuki Piano*, 27.

⁵⁶ „About Suzuki Music,“ Suzuki Music, sótt 31. október 2017 <https://suzukimusic.ca/mother-tongue/>

⁵⁷ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 71.

⁵⁸ Kataoka, Haruko, *Thoughts on the Suzuki Piano School*, 17.

⁵⁹ Ferrin, Brecklyn. „Why Keep Playing Old Suzuki Review Pieces?“ 16. maí 2016, sótt 29. október 2017 <http://www.pluckyviolinteacher.com/suzuki-review-pieces/>

⁶⁰ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 71.

⁶¹ Comeau, Gilles, *10 Teachers' Viewpoints on Suzuki Piano*, 55.

⁶² Örnólfur Kristjánsson, viðtal 2. nóvember 2017.

er mikilvægur þáttur til þess að Suzuki-aðferðin beri árangur, ef upprifjun er ekki fyrir hendi standa nemendur í stað og það verða litlar sem engar framfarir.⁶³

2.4 Hóptímar

Suzuki-nám skiptist í einkatíma og hóptíma. Einkatímar eru einu sinni í viku í 30 mínútur. Hóptímar eru haldnir aðra hverja viku og standa yfir í klukkustund eða í 30 mínútur einu sinni í viku fyrir byrjendur, ef þeir hafa ekki meira úthald. Hægt er að vinna markvissara í stuttan tíma einu sinni í viku frekar en klukkutíma aðra hvora viku.⁶⁴

Markmið hóptíma er margþætt. Félagslegi þátturinn er mjög mikilvægur. Nemendur hitta aðra nemendur og mynda vinabönd við börn sem eru að fást við það sama. Þau spila hvert fyrir annað og jafnvel hvert með öðru. Þau heyra nemendur spila sem eru lengra komnir og getur það verið hvetjandi. Til dæmis á þetta sérstaklega við um eldri nemendur sem eru á unglingsaldri. Þau eru oft hætt að hlusta á foreldra sína en taka mark á vinum sínum og sjá hvað þeir eru að gera. Samskipti Suzuki-foreldra hefur einnig jákvæð áhrif. Þeir deila reynslu sinni sín á milli og skiptast á hugmyndum til að gera námsefnið skemmtilegra.⁶⁵ Í hóptímum eiga foreldrar það til að skilja betur leiðbeiningar kennara þegar farið er yfir ákveðin atriði með öðrum börnum en þeirra eigin.⁶⁶

Flestir kennarar setja sér markmið í hóptímunum. Þeir reyna að hafa einn kennslupunkt sem þeir vilja koma til skila. Kennslupunktur getur verið tækniatriði, tónheyrn, athygli eða hlustun. Þá er farið í allskyns leiki.⁶⁷ Til dæmis er farið í leiki í yngri hópum til að fá börnin til að hreyfa sig svo þau séu slök. Í eldri hópum er unnið meira í tækni og hryn segir Ewa.⁶⁸

Mikilvægast er að nemendur fái tækifæri til að koma fram, börn fái að sýna hvað þau geti og sýni árangur vinnu sinnar.⁶⁹ Ef engir hóptímar væru, myndu nemendur ekki koma mikið fram og það væri lítil hvatning. Ástæðan er sú að í hóptímum þjálfast nemendur að spila fyrir framan aðra og þeir sjá að allir eru að gera það sama.⁷⁰ Stundum tekst að spila vel og stundum tekst það síður. En það sem skiptir mestu máli er að þau fái alltaf ný tækifæri til að gera betur

⁶³ Þórunn Hulda Guðmundsdóttir, viðtal 18. október 2017.

⁶⁴ Ibid.

⁶⁵ Örnólfur Kristjánsson, viðtal 2. nóvember 2017.

⁶⁶ Kataoka, Haruko, *Thoughts on the Suzuki Piano School*, 33.

⁶⁷ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 75-77 og 91.

⁶⁸ Ewa Tosik Warszawiak, viðtal 9. nóvember 2017.

⁶⁹ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 78.

⁷⁰ Comeau, Gilles, *10 Teachers' Viewpoints on Suzuki Piano*, 138.

og þjálfar sig í að koma fram. Þess vegna eru hóptímar mikilvægur þáttur til að aðferðin beri árangur.⁷¹

2.5 Eitt atriði í einu

Suzuki hafði mikinn áhuga á atferlisfræði og sálfræðinni á bak við það hvernig einstaklingur læri og tileinki sér nýtt námsefni eða nýja þekkingu. Suzuki leggur áherslu á að vinna eitt atriði í einu. Einstaklingur á auðveldara með að einbeita sér að einum þætti í einu, sérstaklega yngri börn.⁷² Ef unnið er með fleiri en eitt atriði á sama tíma eiga nemendur erfiðara með að liggja þau á minnið. Þetta getur leitt til þess að nemendum finnist þeim hafa mistekist.⁷³ Mikilvægt er að Suzuki-kennarar finni eitt atriði til að vinna með sem tengist þróun nemandans sem hljóðfæraleikara. Það getur verið til dæmis að mynda fallegan tón eða dýpka túlkun. Suzuki leggur áherslu á að hluta niður einn kennslupunkt í smáa búta svo að hægt sé einbeita sér að þeim í einkatímanum. Nemandi er tilbúinn fyrir næsta kennslupunkt þegar hann er búinn að ná valdi á þessum eina búa.⁷⁴

Mikil áhersla er lögð á að Suzuki-kennari geti sýnt nemandanum ákveðið kennsluatriði og nemendur geti hermt eftir. Nemendur líkja eftir því sem þeir heyra og sjá, þannig þjálfast athygli og tónheyrn. Börn hafa gaman af því að herma eftir og úr getur orðið leikur sem þau hafa gaman að.⁷⁵

Suzuki leggur áherslu á tónmyndun. Eðlileg líkamsbeiting er grundvallaratriði að fallegum tóni og öll stífni kemur í veg fyrir hana. Hann hvetur Suzuki-kennara til að vinna með tónblæ í hverjum spilatíma.⁷⁶ Í Suzuki-aðferðinni læra og þjálfar nemendur að hlusta á tóninn sem þeir mynda þegar leikið er á hljóðfærið. Nemendur eiga það til að hlusta ekki vel á tóninn sem þeir mynda. Þeir hlusta ekki til fullnustu. Það eru mismunandi leiðir sem Suzuki-kennarar nota til að þjálfar nemendur í að hlusta á eigin tón. Til dæmis fá nemendur að herma eftir tóni kennarans meta hvenær kennarinn býr til fallegan tón. Í því tilviki spilar kennarinn ákveðinn búa, fyrst með góðum tóni og svo með slæmum tóni. Nemandi hlustar og segir hvort skiptið hafi verið betra.⁷⁷

⁷¹ Þórunn Hulda Guðmundsdóttir, viðtal 18. október 2017.

⁷² Marderosian, „Armenia. „Choose One Point,“ 10. júní 2006, sótt 30. október 2017, http://suniproject.org/wp-content/uploads/2011/04/yourbaby-choose_one_point.pdf

⁷³ Þórunn Hulda Guðmundsdóttir, viðtal 18. október 2017.

⁷⁴ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 65-66.

⁷⁵ Ibid., 67.

⁷⁶ Ibid., 68.

⁷⁷ Powell, Mary Craig. *Focus on Suzuki Piano* (Miami: Summy-Birchard Inc., 1988), 26-27.

3. Hlið Suzuki-foreldra

Tekin voru viðtöl við Suzuki-foreldra. Anna Kristín Jeppesen á tvö börn sem eru í Suzuki-námi á píanó. Hún er 38 ára gömul og hefur verið Suzuki-foreldri í sjö ár. Erla Rut Káradóttir er 28 ára gömul og á níu ára stelpu í sellónámi sem byrjaði þegar hún var fjögurra ára gömul. Eins og áður kom fram er hlustun einn mikilvægasti þátturinn svo að Suzuki-aðferðin beri árangur. Bæði Anna og Erla eru sammála um að hlustun skipti miklu máli. Þær nota marga leiðir til að fá börnin sín til að hlusta á kennsludiskinn. Báðar skipta þær hlustun í virka og óvirka hlustun. Þær nefndu hlustun í bílnum á leiðinni í spilátíma og hlustun á kvöldin og á morgnana. Erla telur að mikilvægt sé að hlustunin sé til gamans, en ekki þvinguð fram. Þær taka eftir því þegar barnið hlustar ekki á diskinn, að framfarir ganga hægar og skynja að það þurfi að hlusta oftár á diskinn. Til dæmis átti dóttir Erlu erfitt með að læra verkin utanbókar þegar hún lærði þau eftir nótum en ekki eftir eyra.⁷⁸ Dóttir hennar treysti á nótur og átti erfitt með að spila eftir eyranu. Þetta var vegna þess að hún hlustaði minna á diskinn. Eftir að dóttir hennar byrjaði að hlusta meira á diskinn varð hún öruggari að spila eftir eyranu og ekki jafn háð nótum líkt og áður fyrr. Einnig nefndi Anna að hlustun skipti jafn miklu máli í byrjun náms og þegar börn eru lengra komin í náminu.

Hlutverk foreldra er stór þáttur til að Suzuki-aðferðin beri árangur. Anna nefndi að það skipti máli að þau sem foreldrar sýni áhuga á náminu. Barnið tekur eftir hegðun foreldra til að mynda þegar foreldrar eru að æfa sig. Þetta gerir það að verkum að barn er líklegra til að taka þátt í æfingum með foreldrum sínum. Önnu og Erlu finnst að það hvíli mikil ábyrgð á þeim sem Suzuki-foreldrum og að Suzuki-nám sé tímafrekt.⁷⁹ Samkvæmt Suzuki-aðferðinni eiga foreldrar að æfa með barninu heima á hverjum degi.⁸⁰ Anna segir að það sé hægt að kenna börnum á hljóðfæri án þess að foreldrar séu stöðugt með börnunum og stöðugt að leiðbeina þeim, en það myndi ganga hægar og framfarirnar væru ekki eins miklar. Anna segir það mest krefjandi að þurfa að setjast með þeim við hljóðfærið á hverjum degi og æfa með þeim. Það sé erfitt að finna tíma til að æfa með barninu á hverjum degi, sérstaklega þar sem hún eigi tvo krakka sem eru í píanónámi. Ekki gefist tími með krökkunum til að æfa á hverjum degi en dagana sem hún og börnin æfi sig, sé æft vel með góðri einbeitingu.⁸¹

⁷⁸ Erla Rut Káradóttir, viðtal 27. nóvember 2017.

⁷⁹ Anna Kristín Jeppesen, viðtal 21. nóvember 2017.

⁸⁰ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 62.

⁸¹ Anna Kristín Jeppesen, viðtal 21. nóvember 2017.

Anna segir að það geti verið erfitt að hlusta eftir fyrirmælum kennara varðandi æfingar og verkefni, það sé erfitt að greina hverju kennarinn vilji ná fram og hvernig. „Ég veit ekki alveg eftir hverju maður á að hlusta, þar sem maður er ekki píanisti sjálfur“, segir hún. Erlu og Önnu finnst skipta máli að mæta í alla tíma barnsins, hinsvegar telur Anna að ef barnið hafi náð þeim þroska sem þarf til að læra það sem kennarinn segi, sé í lagi ef hún mæti ekki ávallt með því. Anna segir að misjafnt sé hvort börnin hennar skilji hvað kennarinn eigi við í spilatímum. Einnig sé heimavinnan mismunandi.

Samskipti foreldra við aðra Suzuki-foreldra eru mestmegnis jákvæð, þau skiptast á skoðunum hvort við annað og tala um það sem hefur borið árangur í uppeldinu og það sem krökkunum líkar. Ef illa gengur að fá eigið barn til að æfa sig eða hlusta á diskinn geta aðrir foreldrar gefið góð ráð til að takast á við vandann.⁸²

Erla og Anna telja að hóptímar skili árangri fyrir börnin sín. Félagslegi þátturinn sé afar mikilvægur og hafi haldið börnunum hennar Önnu við efnið. Það séu góðar fyrirmyndir í hóptímanum sem börnin líti upp til. Anna telur að án hóptíma yrðu börnin hennar einmana og myndu ekki endast lengi í náminu.⁸³

⁸² Erla Rut Káradóttir, viðtal 27. nóvember 2017.

⁸³ Anna Kristín Jeppesen, viðtal 21. nóvember 2017.

4. Menntun Suzuki-kennara

Mikilvægt er að Suzuki-kennari sé með góðan grunn sem hljóðfæraleikari og að hann sé búinn að fara í Suzuki-kennaranám, sem er framhaldsmenntun fyrir tónlistarkennara. Þeir sem hafa lokið tilskyldum prófum hjá Evrópska Suzukisambandinu og eru félagar í viðkomandi landssambandi geta kallað sig Suzuki-kennara. Áður en Evrópska Suzukisambandið var stofnað vildu kennarar forðast það að kennarar með rýran grunn gætu kallað sig Suzuki-kennara, það var megin ástæðan fyrir því að sambandið var stofnað árið 1979. Eitt af meginverkefnum sambandsins var að ákveða hvernig standa ætti að Suzuki-kennaramenntum víða í Evrópu. Náminu er skipt í fimm stig, hverju stigi lýkur með prófi þar sem þrjú prófdómarar, hver frá sínu landi, dæma verðandi Suzukikennara. Prófkjöfur eru samræmdar innan Evrópu.⁸⁴ Prófið felst í því að spila á hljóðfæri, svara spurningum um grundvallarheimspeki Suzukináms og kenna nemanda. Þeir sem hafa lokið öllum fimm stigunum geta sótt um nám til að öðlast réttindi til kennaraþjálfunar.⁸⁵

Íslenska Suzuki-sambandið var stofnað árið 1985 og Haukur F. Hannesson sellóleikari var frumkvöðull að stofnun þess. Markmið félagsins er að stuðla að útbreiðslu og notkun aðferðar Shinichis Suzukis á Íslandi. Einnig stendur félagið fyrir tónleikahaldi, viðburðum, námskeiðum fyrir Suzuki-nemendur og verðandi Suzuki-kennara svo dæmi séu nefnd.⁸⁶ Mikilvægt er að Suzuki-kennarar hafi gaman af því að vinna með börnum, hafi hæfileika til að hrósa og hvetja nemandann. Einnig að þeir hafi gaman af tónlist og séu næmir gagnvart öðru fólki.⁸⁷

4.1 Suzuki-þríhyrningur

Samvinna foreldra, kennara og nemanda má kalla Suzuki-þríhyrning eins sjá má á mynd 1. Allar hliðar Suzuki-þríhyrningsins gegna mikilvægu hlutverki að því leyti að þær vinna allar saman hver með annarri. Tilgangur hvernar hliðar er að ná sameiginlegu markmiði, læra tónlist í hlýlegu og uppörvandi umhverfi. Hlutverk kennara í þríhyrningnum er að hvetja, leiða, styðja og ráðleggja foreldri hvernig vinna skuli með barni sínu. Einnig er mikilvægt að mynda sterk bönd sem innihalda ást og virðingu til barnsins.⁸⁸ Kennari veiti þekkingu og faglegar ráðleggingar á sviði aðferðafræði Suzukis. Hlutverk nemanda er að greina sjálfur og skilja að kennarinn sér um vikulega spilatímana og að hlutverk foreldris sé að vera kennari

⁸⁴ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 141.


⁸⁵ „Íslenska Suzukisambandið," sótt 7. september 2017, <https://www.suzukisamband.is/adferdin>

⁸⁶ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 144-146.

⁸⁷ Ibid., 141.

⁸⁸ Comeau, Gilles, *10 Teachers' Viewpoints on Suzuki Piano*, 15.

heima fyrir. Hlutverk foreldris er að styðja við þær kennsluáðferðir sem kennarinn byggir námið á og hvetji barnið til æfinga.⁸⁹



Mynd 1. Suzuki-þríhyrningur

Suzuki talar um námshvöt, hann leggur áherslu á að samstarfsverkefni kennara og foreldra sé að ræða um hvernig námsáhuga sé viðhaldið og hvað hægt sé að gera til að efla hann.⁹⁰ Hlutverk foreldra og kennara er að gera umhverfið eins örvandi til náms og mögulegt er.⁹¹ Samvinna foreldris og barns er tækifæri til að þróa sterk fjölskyldubönd. Ef allar hliðar þríhyrningsins eru uppfylltar mun Suzuki-áðferðin bera árangur.⁹²

⁸⁹ Comeau, Gilles, *10 Teachers' Viewpoints on Suzuki Piano*, 15.

⁹⁰ Kristinn Örn Kristinsson, *Suzuki Tónlistaruppeldi*, 64.

⁹¹ *Ibid.*, 56.

⁹² Comeau, Gilles, *10 Teachers' Viewpoints on Suzuki Piano*, 15.

Niðurlag

Shinichi Suzuki byggir á þeirri hugmyndafræði að öll börn geti lært tónlist, rétt eins og þau geti lært móðurmál sitt. Markmið hans er að styðja einstaklinginn til þroska, mannúðar og drengskapar. Suzuki leggur áherslu á tónmyndun, hrós og að byggja upp sjálfstraust hjá nemanda. Ákveðnir þættir skipta máli til að Suzuki-aðferðin beri árangur. Lögð er mikil áhersla á hlustun, námsefnið er þannig lært eftir eyranu. Nemendur læra ákveðin verk hraðar og ná bestum árangri ef hlustað er á diskinn. Hinsvegar ef nemendur eru ekki búnir að hlusta á diskinn, eiga þeir í erfiðleikum með að spila verkin.

Hlutverk foreldra er stór þáttur af aðferðinni, þeir sjá til þess að börnin æfi sig heima á hverjum degi, hlusti á námsefnið og mæti ávallt í spilatíma, hóptíma og á tónleika. Hvatning, umhyggja og ástúð foreldra skapar góð skilyrði til náms. Upprifjun er nauðsynlegur þáttur af aðferðinni þar sem nemendur viðhalda gömlu lögunum. Við upprifjun er stefnt er að betri tónmyndun, fallettri hendingamótun og betri túlkun. Með upprifjun þjálfast minnið og nemendur öðlast færni í að muna.

Hóptímar eru samverustundir nemanda og félagslegi þátturinn er mikilvægur. Nemendur fá að koma fram og sjá aðra nemendur spila sem felur í sér mikla hvatningu. Einnig er það góð fyrirmynd fyrir börn að hlusta á aðra sem eru komnir lengra í námi. Suzuki-kennarar reyna að setja sér það markmið að vinna með einn kennslupunktur í hóptímum, til að þjálfra ákveðin tækniatriði svo sem hlustun og athygli. Suzuki-kennarar leggja áherslu á að vinna með eitt atriði í einu í viðkomandi verki svo nemandinn geti einbeitt sér vel að einum þætti í einu. Þetta eru helstu grunnþættirnir til að aðferðin beri árangur.

Menntun Suzuki-kennara skiptir máli til að aðferðin beri ávöxt. Mikilvægt er að kennarar hafi öðlast réttindi sem Suzuki-kennari. Áður en farið er í sérnám þurfa þeir að hafa góðan grunn sem hljóðfæraleikarar. Suzuki-kennarar þurfa að hafa gaman af því að vinna með börnum og vera góðir í samskiptum við aðra. Samvinna foreldra, kennara og nemanda skiptir máli þar sem allar hliðar Suzuki-þrífyrningsins gegna jafn mikilvægu hlutverki.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Comeau, Gilles. 10 Teachers' Viewpoints on Suzuki Piano. Ontario: CFORP, 1998.

E. Gordon, Edwin. A Music Learning Theory for Newborn and Young Children. Chicago: GIA Publications Inc, 1997.

Fuller, Cheri. How to Grow a Young Music Lover. New York: Waterbrook Press, 2002.

Kataoka, Haruko. Thoughts on the Suzuki Piano School. New Jersey: Birch Tree Group Ltd, 1985.

Kristinn Örn Kristinsson. Suzuki Tónlistaruppeldi. Reykjavík: Kristinn Örn Kristinsson, 1998.

Powell, Mary Craig. Focus on Suzuki Piano. Miami: Summy-Birchard Inc, 1988.

Vefheimildir:

„About Suzuki Music-method,“ Suzuki Method sótt 31. október 2017,

<https://suzukimusic.ca/mother-tongue/>

Árni Heimir Ingólfsson. „HEINZ EDELSTEIN.“ *Morgunblaðið*, 14. júlí 2001. Sótt 14. desember 2017, <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/616190/>

Bergþóra Jónsdóttir. „Samúræinn og fiðlan.“ *Morgunblaðið*, 292. tölublað (1998): 31. Sótt 29. október 2017, http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=131282&pageId=1923294&lang=is&q=SUZUKI

Britannica. „Shinichi Suzuki Japanese Musician.“ Sótt 7. september 2017, <https://www.britannica.com/biography/Shinichi-Suzuki>

Estrella, Espie. „The Dalcroze Method.“ Síðast uppfært 6. mars 2017, sótt 12. nóvember 2017, <https://www.thoughtco.com/the-dalcroze-method-a-primer-2456419>

Estrella, Espie. „The Kodaly Method of Music Education.“ Síðast uppfært 11. ágúst 2017, sótt 12. nóvember 2017, <https://www.thoughtco.com/the-kodaly-method-a-primer-2456420>

Estrella, Espie. „What is The Orff Approach for Children’s Music Education.“ Síðast uppfært 18. ágúst 2017, sótt 12. nóvember, <https://www.thoughtco.com/the-orff-approach-2456422>

Ferrin, Brecklyn. „Why Keep Playing Old Suzuki Review Pieces?“ 16. maí 2016, sótt 29. október 2017, <http://www.pluckyviolinteacher.com/suzuki-review-pieces/>

Goodkin, Doug. „Orff-Schulwerk in the New Mill.“ 2001. Sótt 12. nóvember 2017, <http://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.2307/3399753>

„History of the Suzuki Method.“ Án höfundar, sótt 12. nóvember 2017, <http://suzukihk.org/history-of-the-suzuki-method/>

Jón Hallfreð Engilbertsson. „Áhrif tónlistar á námsárangur barna" B.Ed-ritgerð, Háskólinn á Akureyri, 2008. Sótt 12. nóvember 2017, https://skemman.is/bitstream/1946/1749/1/Ahrif_tonlistar_JHE_heild.pdf

Marderosian, „Armena. „Choose One Point,“ 10. júní 2006, sótt 30. október 2017, http://suniproject.org/wp-content/uploads/2011/04/yourbaby-choose_one_point.pdf

Soffía Guðrún Kr. Jóhannsdóttir, „Skapandi tónlistarnám“, *Morgunblaðið*, 30. mars 2008, sótt 14. desember 2017, <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1203146/>

Stefán Edelstein. „Tónlistaruppeldi í Ungverjalandi.“ Menntamál 42. árgangur, 2. tölublað (1969): 125-128. Sótt 14. desember 2017, [http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=301413&pageId=4560630&lang=is&q=S](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=301413&pageId=4560630&lang=is&q=STEF%C1N%20EDELSTEIN)

Suzukisamband. „Íslenska Suzukisambandið.“ Sótt 7. september 2017, <https://www.suzukisamband.is/adferdin>

Viðtöl:

Anna Kristín Jeppesen. Viðtal höfundar við Önnu Kristínu Jeppesen um grunnþætti Suzuki-aðferðarinnar, tekið 21. nóvember 2017.

Erla Rut Káradóttir. Viðtal höfundar við Erlu Rut Káradóttur um grunnþætti Suzuki-aðferðarinnar, tekið 27. nóvember 2017.

Ewa Tosik Warszawiak. Viðtal höfundar við Ewu Tosik Warszawiak um grunnþætti Suzuki-aðferðarinnar, tekið 9. nóvember 2017.

Þórunn Hulda Guðmundsdóttir. Viðtal höfundar við Þórunni Huldu Guðmundsdóttur um grunnþætti Suzuki-aðferðarinnar, tekið 18. október 2017.

Örnólfur Kristjánsson. Viðtal höfundar við Örnólf Kristjánsson um grunnþætti Suzuki-aðferðarinnar, tekið 2. nóvember 2017.

Myndaskrá

Mynd 1: Anela Bakraqi Suzuki-þríhyrningur

Viðauki

Hvaða helstu þættir skipta máli til að Suzuki aðferðin beri árangur?

A) Hlustun

1. Af hverju skiptir hlustun máli?
2. Hvenær á hlustun að byrja? Áður en að kennslan hefst?
3. Hvað eiga nemendur að hlusta oft á diskinn
4. Hvenær eiga nemendur að hlusta?
 - *Hvað þurfa nemendur að hlusta á?
 - *Skiptir máli hvaða upptökur nemendurnir hlusta á?
5. Hver ber ábyrgð á að nemendurnir hlusti á diskinn?
 - *Eiga foreldrar einnig að hlusta á diskinn?
6. Ef nemandinn hlustar á diskinn auðveldar það honum að læra verk hraðar?
 - *Læra nemendur verkin hraðar utan bókar?
7. Hlustun fyrir lengra komna: Er lögð mikil áhersla á að hlusta á diskinn fyrir lengra komna?
8. Hvað gerist þegar nemandinn hlustar ekki á diskinn? Er það augljóst?

B) Hlutverk foreldra

1. Hversu mikilvægur þáttur er hlutverk foreldra?
 - *Myndi aðferðin virka án þeirra?
 - Hvað er þeirra meginhlutverk?
2. Skiptir máli hvernig umhverfi þau skapa heima? Afhverju?
3. Hversu mikilvægt er að báðir foreldrar séu jafn virkir í námi barnsins?
 - *Dæmi: Nemandi sem á einstætt foreldri? Taka báðir foreldrar þátt?
 - *Foreldrar í sambúð? Skiptast þau á að mæta í tíma o.fl?
 - *Hefur það áhrif á velgengni nemanda?
4. Þurfa foreldrar að kunna á hljóðfæri svo að aðferðin virki?
 - *Þurfa þau að læra á hljóðfærið á undan barninu?
5. Þurfa foreldrar að læra að lesa nótur?
6. Hafa samskipti foreldra við aðra Suzuki foreldra áhrif? Jákvæð, neikvæð?

C) Upprifjun

1. Hvert er markmiðið með upprifjun?
2. Hvað fer mikill hluti af kennslutímanum í upprifjun?
*Er erfitt að koma upprifjun fyrir í kennslu?
3. Hefur upprifjun sama gildi fyrir byrjendur og lengra komna?

Hvað gerist ef það fer enginn tími í upprifjun?

*Myndir þú segja að upprifjun sé mikilvægur þáttur til að aðferðin virki?

D) Hóptímar

1. Hvert er markmið hóptíma?
2. Hvað er gert í hóptímum?
3. Hversu oft eru hóptímar?
4. Hafa nemendur áhrif á hvor aðra?
5. Hvað ef það væru engir hóptímar? Bara einkatímar?
*Væri einhver munur?
*Væri munur á nemendum?

E) Eitt atriði í einu

1. Af hverju er nauðsynlegt að vinna með eitt atriði í einu?
*hvað gerist ef unnið er með fleiri atriði?
2. Er það mismunandi eftir krökkum?